

Frá ritstjórum



Eldey Huld Jónsdóttir
félagsráðgjafi MSW,
frankvæmdastjóri FÍ



Jóna Margrét Ólafsdóttir
félagsráðgjafi MA, Ph.D.,
aðjúnkt við Félagsráð-
gjafardeild Háskóla Íslands

Kæru lesendur

Þá er vonandi farið að sjá fyrir endann á covid 19-faraldrinum og fram undan hjartari tímar. Það er ánægjulegt að sjá að félagsráðgjöf er í mikilli sókn. Til marks um það hafa Félagsráðgjafafélagi Íslands aldrei borist fleiri auglýsingar til útsendingar á póstlista félagsins þar sem auglýst er eftir félagsráðgjöfum til margvíslegra starfa. Farsældarlöggjöfin þar sem samþætt þjónusta við börn er sett í forgang tók gildi um síðustu áramót og því má vænta að framhald verði á þessari auknu eftirspurn eftir félagsráðgjöfum. Þessi sókn félagsráðgjafar hefur gert það að verkum að í sumum tilfellum hefur reynst erfitt að ráða félagsráðgjafa þar sem framboð er ekki nóg. Því er ánægjulegt að Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands hefur fengið aukid fjármagn til að fjölga útskrifuðum félagsráðgjöfum.

Í ár kemur 16. árgangur Tímarits félagsráðgjafa út. Ritið hefur að geyma þrjár ritrýndar greinar og fimm almennar ásamt öðru efni, svo sem bókarumfjöllun og stuttum fréttagreinum. Í ritrýndu greinunum má að venju finna umfjöllun um nýjar eða nýlegar rannsóknir. Í einni þeirra, *Vinaleysi og vanlíðan hjá börnum og ungmennum*, er sagt frá rannsókn á PEERS-námskeiðum í félagsfærni sem fram fara hér á landi. PEERS-námskeiðin taka á félagsfærni barna og unglunga með einhverfu með gagnreyndri íhlutun í þeim tilgangi að efla félagsfærni þeirra. Í greininni *Börn sem eru aðstandendur foreldra með krabbamein* er sagt frá rannsókn sem fólst í því að kortleggja fjölda barna undir 18 ára sem eru skráð með sama lögheimili og foreldri með krabbamein. Þar var meðal annars kannað hvort fjölskyldan hefði fengið félagsráðgjöf eða þegið stuðning Fjölskyldu-

brúarinnar, sem er úrræði á vegum krabbameinslækningadeilda Landspítala. Þriðja ritrýnda greinin, *Þættir sem hafa áhrif á samskipti og tengsl í þarsambandi hjá barnafjölskyldum*, segir frá rannsókn þar sem til skoðunar eru þættir sem hafa áhrif á samskipti og tengsl í þarsambandi með áherslu á þör sem sinna barnauppleði.

Í almennu greinunum er víða komið við. Þar er fjallað um ACE, sem er spurningalisti sem metur áhrif áfalla og erfiðrar reynslu í æsku og hefur nú verið tekinn upp í Hlaðgerðarkoti, meðferðarheimili fyrir einstaklinga með langt leidda áfengis- og vímuefnaröskun. Fjallað er um heidurstengt ofbeldi og hvernig það birtist í vestrænum samfélögum. Sagt er frá aðstandendanámskeiði á vegum geðheilsuteymis Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins – suður, en það er þróunarverkefni sem snýr að aukinni þjónustu og fræðslu til aðstandenda þeirra sem fá þjónustu teymisins. Þá er grein um handleiðslu og breytingu þess hugtaks í tímans rás, menntun handleiðara og innleiðingu handleiðslukerfis, og loks er sagt frá Brené Brown, doktor í félagsráðgjöf, og fjallað um erindi hennar á samfélagsmiðlum og nýútkomna bók, *Atlas of the Heart*.

Í kaflanum *Af vettvangi* kynnumst við starfi Pieta-samtakanna og forvarnarverkefninu BUILD, – Að byggja upp hjartari framtíð og aukna seiglu hjá ungu fólki, sem haldið er á þeirra vegum. Þá er í bókarumfjöllun sagt frá bókinni *Theory and Practice of Online Therapy*, en höfundur þeirrar umfjöllunar hefur í fjölda ára veitt félagsráðgjöf með fjarþjónustu. Þá eru nokkur hefðbundin fréttaskot á víð og dreif.

Að lokum þakkar ritstjórn Tímarits félagsráðgjafa höfundum framlag sitt í tímaritinu og hvetur félagsráðgjafa til að vera áfram sem hingað til áhugasamir um að koma á framfæri í tímaritinu rannsóknum sínum, þróun úrræða á þeirra vegum og öðru sem viðkemur fagþróun félagsráðgjafa.

Jóna Margrét Ólafsdóttir, ritstjóri ritrýndra greina
Eldey Huld Jónsdóttir, ritstjóri annars efnis